FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
160. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 11. JÚLÍ 2017



# Útilokar ekki að snúa aftur

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Ástandið lagist um helgina

**UMHVERFISMÁL** Stefnt er að því að gera við skólpdælustöðina við Faxaskjól fyrir helgi. Vonast til þess að allt verði komið í eðlilegt horf um helgina. „Við gerum ráð fyrir að klárist fyrir helgi en þurfum að taka neyðarlúguna upp og opna og loka aftur,“ segir Inga Dóra Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri Veitna.



Óhreinsað skólp flæddi út í hafið úr skólpdælustöðinni vegna bilunar í neyðarlúgu, sem var opin í sautján daga. „Það er ekki mikið sjáanlegt á ströndinni. Við byrjuðum í gær að þrífa ströndina og munum halda áfram,“ segir Inga, en getur ekki fullyrt hvenær hreinsun lýkur. **– sg**

## Fráfarandi formaður Neytendasamtakanna telur rétt að kjósa á ný

**NEYTENDUR** Ólafur Arnarson útilokar ekki að snúa aftur á vettvang Neytendasamtakanna. Það muni þó ekki gerast með núverandi stjórn. Ólafur sagði af sér sem formaður í gær.

„Ég hef áhuga á neytendamálum og framgangur samtakanna er mér keppikefli. Það var ómögulegt að ná þeim markmiðum og þeirri sýn sem ég var kosinn til á þingi samtakanna í þessu óheilindaumhverfi. Í þessari ákvörðun felst ekki yfirlýsing um að ég muni aldrei framar koma nálægt samtökunum.“

Miklar deilur hafa verið innan stjórnar samtakanna undanfarið eftir að meirihluti stjórnar lýsti yfir vantrausti á Ólaf. Í yfirlýsingum stjórnarmanna kom fram að það hefði verið gert þar sem Ólafur hefði stofnað til óhóflegra útgjalda án aðkomu stjórnar.

Fráfarandi formaður stendur fast á því að yfirlýsingar annarra stjórnarmanna séu ósannindi. Í öllum tilfellum hafi stjórninni verið kunnugt um þá samninga sem til stóð að gera. Fundargerðir og skjöl sýni svart á hvítu að stjórnin hafi falið varaformanni að skrifa undir ráðningarsamning við formann og fjármálastjóra að ganga frá því að útvega bifreið fyrir hann.

> **Öllum í stjórn var fullkunnugt um að til stæði að skrifa undir samninginn og að hann væri ekki ókeypis.**
>
> Ólafur Arnarson, fráfarandi formaður Neytendasamtakanna

„Það getur verið að stjórnarmönnum þyki þeir hafa gert mistök, þeir ekki kynnt sér málið eða finnist ég hafa haft áhrif á aðra stjórnarmenn og þeir lagst á sveif með mínum tillögum,“ segir Ólafur. „Þar er hins vegar ekki við mig að sakast. Stjórnarmenn verða sjálfir að bera ábyrgð á sínum ákvörðunum.“

Hann bætir við að í tilfelli samningsins um Neytandann hafi ekki verið staðið formlega rétt að samkomulaginu.

„Ég viðurkenni að það voru mistök af minni hálfu. Hins vegar var annar stjórnarmaður við hlið mér í öllu ferlinu og öllum í stjórn var fullkunnugt um að til stæði að skrifa undir samninginn og að hann væri ekki ókeypis, alveg sama hvað fólk reynir að hlaupa frá ákvörðunum sínum.“

Í liðinni viku lagði Ólafur fram tillögu á stjórnarfundi um að öll stjórnin viki sæti og sett yrði þriggja manna neyðarstjórn yfir samtökin þar til ný stjórn yrði kosin á þingi samtakanna. Sú tillaga var felld.

„Ég taldi þetta lausn sem menn ættu að geta fallist á væri þeim annt um samtökin og tilbúnir að leggja sitt af mörkum til að þau gætu unnið sig úr þessari stöðu. Ég vonaði að menn myndu sjá út fyrir sjálfa sig, ég var tilbúinn til þess,“ segir Ólafur. Ég get bara dregið þá ályktun að menn séu ekki tilbúnir að mæta félagsmönnum.“ **– jóe / sjá síðu 6**


## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Sigurður Ingi Jóhannsson skrifar um ráðherra ferðamála sem fjölga vill stofnunum til að móta stefnu. 10



**SPORT** Nýliðar Grindavíkur á toppi Pepsi-deildar karla. Andri Rúnar Bjarnason hefur komið að 81 prósenti markanna. 12

**LÍFIÐ** Sænsk-íslenski dúettinn My Bubba var að senda frá sér nýja tónlist í samstarfi við Jack White. 22

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Vestlæg átt í dag, bjart með köflum og milt veður um land allt.
SJÁ SÍÐU 16




**Sumir hafa gripið til internetbrandara, svokallaðra „memes“, til að verja nethlutleysi. Þessir brandarar eru þó ævafornir.** NORDICPHOTOS/AFP

# Fjöldi vinsælla vefsíðna mun mótmæla

**TÆKNI** Allnokkrar vinsælustu vefsíðna heims, sem Íslendingar nota margir hverjir daglega, munu koma almenningi spánskt fyrir sjónir á morgun. Ætla eigendur þeirra að breyta síðum sínum til að mótmæla stefnu Bandaríkjastjórnar um að afnema hlutleysi á internetinu.

Hlutleysi á internetinu er í grunninn sú stefna að internetþjónustuaðilar verði að gefa viðskiptavinum sínum jafnt aðgengi að öllum löglegum vefsíðum. Mega þeir því ekki hægja á aðgengi að ákveðnum síðum og krefja eigendur þeirra svo um háar fjárhæðir til að koma á óhindruðu aðgengi á ný.

Á meðal vefsíðna sem taka þátt í aðgerðunum eru Amazon, Reddit, Netflix, Twitter, Airbnb, Dropbox, Spotify og Pornhub en í heildina eru síðurnar 198 talsins.

Hinar tímabundnu breytingar á vefsíðunum felast í því að gefa notendum innsýn í hvernig netið gæti orðið ef af áformum Bandaríkjastjórnar verður. Munu eigendurnir því vísvitandi hægja á síðum sínum.

Þótt hlutleysi á netinu yrði einungis afnumið í Bandaríkjunum myndi slíkt hafa áhrif á netnotkun Íslendinga. Fyrirtæki sem starfrækja smærri vefsíður gætu farið á hausinn, meðal annars vegna minnkandi umferðar. **– þea**

## Á lúshraða á hraðbrautinni




**Malbikun fór fram í gær en stefnt var að því að malbika frá Hafnarfjarðarvegi við Kópavogslæk til norðurs að gatnamótum Miklubrautar, en ekki náðist að ljúka því alveg. Í framhaldinu var Hafnarfjarðarvegur malbikaður frá Bústaðavegi til suðurs að Fossvogslæk. Einhverjar tafir urðu á umferð á meðan. Í dag er ætlunin að malbika Sæbraut í Reykjavík til vesturs frá Katrínartúni að Faxagötu, og má búast við lítils háttar umferðartöfum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Áfram heitt í veðri í dag

**VEÐUR** Í gær var einn hlýjasti dagur sumarsins í Reykjavík en þar mældist hitinn allt að 15 stig. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands verður áfram hlýtt í borginni í dag og víðar um landið.

„Það verður gott í dag líka en svo þykknar upp og fer að rigna á miðvikudaginn. Það fer líka að kólna um næstu helgi, það er ekki allt of glæsilegt veður,“ segir Þorsteinn V. Jónsson, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.

„Það verður ekki eins hlýtt í dag og í gær en upp í nítján stig sums staðar. Það fer að hlýna heldur fyrir norðan og austan í dag, en það hefur verið svalt þar,“ segir Þorsteinn.

Mikið blíðskaparveður var víða um landið á sunnudag og var hitinn í gær sá mesti í vikunni í Reykjavík. **– sg**

# Horfðu á eftir Herjólfi í gegnum móðugler

**Hópur eldri borgara úr Safnaðarfélagi Áskirkju missti af dagsferð til Vestmannaeyja þegar rútufyrirtæki týndi bókuninni. Horfðu á Herjólf sigla úr höfn. Framkvæmdastjóri Skybus harmar atvikið en stökk sjálfur til og keyrði rútugarminn.**

**SAMFÉLAG** „Mín upplifun er sorg fyrir hönd þeirra sem höfðu skráð sig í ferðina því þetta voru að stærstum hluta eldri borgarar og safnaðarmeðlimir hér í kirkjunni,“ segir Petrea Ómarsdóttir, formaður Safnaðarfélags Áskirkju, og lýsir því hvernig 58 manna hópur eldri borgara og annarra safnaðarmeðlima missti af dagsferð til Vestmannaeyja þegar bókun hjá rútufyrirtækinu Skybus týndist.

Hópurinn hittist fyrir utan Áskirkju á sunnudagsmorgun. Stóð þá til að rútan æki fólkinu í Landeyjahöfn og að þaðan yrði siglt til Vestmannaeyja með Herjólfi.

„Þetta endar á því að ég hringi í fyrirtækið og vek þar bílstjóra sem kannaðist ekkert við málið. Á endanum kemur hann með gamla rútu frá öðru fyrirtæki þar sem þessir eldri borgarar þurftu að labba upp fimm til sex háar tröppur. Þarna var engin loftræsting og móða á nokkrum gluggum þannig að sumir sáu ekki út. Svo voru gírarnir ekki í lagi og allar aðrar rútur fóru fram úr okkur. Á þessum tímapunkti var ljóst að við myndum ekki ná þessu.“

Petrea segist hafa reynt að koma skilaboðum til áhafnar Herjólfs um að hópnum myndi seinka. Þau hafi ekki komist til skila. Þegar rútan kom til Landeyjahafnar sáu safnaðarmeðlimirnir að Herjólfur hafði leyst landfestar um fimm mínútum áður og var þá uppselt í aðrar dagsferðir.

„Við erum að tala um hóp sem hefur ekki farið til Eyja áður eða ekki í 40 ár. Þau sáu þarna tækifæri og því er þetta mjög leiðinlegt,“ segir Petrea.



**Alls mættu 58 meðlimir Safnaðarfélags Áskirkju í ferðina.**

> **Þarna var engin loftræsting og móða á nokkrum gluggum þannig að sumir sáu ekki út. Svo voru gírarnir ekki í lagi og allar aðrar rútur fóru fram úr okkur.**
>
> Petrea Ómarsdóttir, formaður Safnaðarfélags Áskirkju



„Þessi bókun hefur týnst í kerfinu hjá okkur og það voru allar rútur okkar uppbókaðar. Við náðum að redda rútu en það var algjör garmur enda alveg hræðilega erfitt að fá bíl eins og staðan er í dag. Þetta voru mannleg mistök sem við hörmum og við endurgreiðum hópnum fyrir þetta. Við reyndum að mæta öllu sem við gátum,“ segir Arinbjörn Marínósson, framkvæmdastjóri Skybus, sem keyrði rútuna.

„Við redduðum þessu þannig að við förum með fólkið í byggðasafnið á Skógum og síðan tóku þau alveg rosalega vel á móti okkur á nýja Lava Center á Hvolsvelli,“ segir Petrea. **haraldur@frettabladid.is**



# Sumarið snýst um iPhone!



30 GB fylgja!



30 GB fylgja!

**iPhone 7**
32 GB

**99.990 kr.** stgr.

**iPhone 7 Plus**
32 GB

**109.990 kr.** stgr.












**Sopapoki**
**2.990 kr.** stgr.

**Stuðpinni**
**2.990 kr.** stgr.

**Tjald**
**3.490 kr.** stgr.

**Letihaugur**
**4.990 kr.** stgr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi
og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

# Stjórnendum United Silicon létt eftir fyrstu efnamælingarnar

**IÐNAÐUR** „Sem betur fer virðast ekki vera nein heilsuspillandi efni í neinu magni í þessum sýnum og niðurstaðan mikill léttir fyrir alla, bæði okkur og samfélagið,“ segir Kristleifur Andrésson, upplýsingafulltrúi United Silicon, um fyrstu niðurstöður efnamælinga í Helguvík.

Umhverfisstofnun birti niðurstöðurnar á föstudag. Þá kom fram að engin skaðleg efni fundust í sýnum, sem tekin voru í tólf daga frá endurgangsetningu kísilversins þann 21. maí, sem gætu haft skaðleg áhrif á íbúa nærliggjandi svæða. Aftur á móti fannst talsvert af lífrænu anhýdríði sem getur valdið lykt og tímabundinni ertingu í öndunarvegi og augum. Til stendur að gera frekari mælingar á efninu og magni formaldehýðs í nágrenni verksmiðjunnar. Mat sóttvarnarlæknis er að mengun frá henni geti valdið vægri ertingu í augum og öndunarvegi hjá heilbrigðum einstaklingum.

„Það sem vert er að geta í þessu er að mælingar fóru fram fyrstu dagana eftir að ofninn var keyrður upp á nýtt þegar mestar líkur eru á að einhver efni beristút. Við bíðum því spennt eftir niðurstöðum úr mælingum þegar ofninn er kominn á fullt álag og reksturinn hefur náð jafnvægi,“ segir Kristleifur.



Margir íbúar Reykjanesbæjar hafa kvartað undan mengun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Þetta verður mest rannsakaða verksmiðja í heimi, held ég, með þessu áframhaldi sem er hið besta mál. Það hefur gengið ljómandi vel að keyra verksmiðjuna upp að nýju en framleiðslan hófst að nýju í lok maí. Síðustu þrjár vikur hefur ofninn verið á fullu álagi. Við vinnum enn að frekari úrbótum og það er allt saman gert í góðu samstarfi við Umhverfisstofnun.“ – **hg**



**Útförin fór fram frá Hallgrímskirkju.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Orri Vigfússon borinn til grafar

Orri Vigfússon, stofnandi og formaður Verndarsjóðs villtra laxastofna (NASF), var borinn til grafar í gær. Hann var jarðsunginn frá Hallgrímskirkju og var fjölmenni viðstatt útförina. Einnig bárust margar kveðjur frá erlendum þjóðarleiðtogum og náttúruverndarsamtökum.

Orri lést á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi þann 1. júlí á sjötugasta og fimmta aldursári. Hann hafði frá stofnun NASF helgað líf sitt verndun og uppbyggingu Norður-Atlantshafslaxastofnsins og hlotið fjölda viðurkenninga fyrir störf sín. Orri lét eftir sig eiginkonu, Unni Kristinsdóttur, og tvö uppkomin börn. – **hg**

### LEIÐRÉTTING

*Margrét Júlíana Sigurðardóttir tónlistarkona er höfundur Mússila, tölvuleikja sem hjálpa fólki að læra nótur, en ekki Maximúsar, eins og ranghermt var á síðu 27 í Fréttablaðinu 8. júlí. Höfundur Maximúsar er Hallfríður Ólafsdóttir.*

# Ríkið auglýsir eftir meðferð fyrir áfengissjúklinga innan EES

**Auglýst hefur verið eftir heilbrigðisþjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga innan Evrópska efnahagssvæðisins. SÁÁ hefur veitt þjónustuna um fjögurra áratuga skeið. Formaður SÁÁ segir samtökin veita miklu meiri þjónustu en ríkið greiðir fyrir.**



**SÁÁ hefur starfað í um það bil fjörutíu ár. Á þeim tíma hefur félagið rekið heilbrigðisþjónustu fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, en nú er búið að auglýsa opinberlega eftir aðila sem gæti veitt þjónustuna.** FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkratryggingar hafa auglýst eftir meðferð fyrir áfengissjúklinga á Evrópska efnahagssvæðinu í stað þess að kaupa hana beint af SÁÁ. Ákvörðunin var tekin á grundvelli nýrra laga um opinber innkaup sem samþykkt voru í vetur. Samkvæmt lögunum er ýmis þjónusta sem áður var undanþegin útboðsskyldu orðin útboðsskyld ef opinber aðili ákveður að kaupa hana af fyrirtæki.

Halldór Ó. Sigurðsson, forstjóri Ríkiskaupa, segir að þetta nýja fyrirkomulag eigi við um fjölmarga samninga um heilbrigðis- og félagsþjónustu, þjónustu trúfélaga og fleira. Hann segir að samningar sem þegar hafa verið gerðir haldi gildi sínu þangað til þeir renna út. Eftir það fer af stað ferli þar sem opinberir aðilar auglýsa að það sé fyrirhugað að gera samning um tiltekna þjónustu við ákveðinn aðila. Þá geta aðrir aðilar á Evrópska efnahagssvæðinu, sem hafa áhuga á að veita sömu þjónustu, gefið sig fram. Eftir það er svo tekin ákvörðun um það hvort þjónustan er boðin út eða hvort gengið er til samninga við tiltekna aðila um þjónustuna.

Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, segir að samtökin hafi undanfarið starfað samkvæmt þjónustusamningum við ríkið en samningarnir séu hins vegar löngu útrunnir. Nú sé búið að auglýsa opinberlega á EES-svæðinu eftir aðila sem geti veitt þjónustuna.

„Það sem er undir er öll þjónustan sem ríkið hefur hingað til verið að kaupa af okkur með þjónustusamningum. En við höfum verið að bjóða miklu meiri þjónustu heldur en ríkið greiðir fyrir þannig að ég ætla bara að leyfa mér að fullyrða að það sé engin heilbrigðisþjónusta í landinu þar sem ríkið fær meira fyrir peninginn,“ segir Arnþór.

> **Það sem er undir er öll þjónustan sem ríkið hefur hingað til verið að kaupa af okkur.**
>
> Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ



Arnþór segir að SÁÁ hafi ekki verið látið formlega vita af auglýsingunni. „Við fengum síðan upplýsingar um það óformlega frá Sjúkratryggingum Íslands að það væri kannski sniðugt fyrir okkur að kíkja á þetta ef við vildum vera með í næsta skrefi. Þannig fengum við upplýsingar og þá var þetta búið að vera þarna í nokkra mánuði,“ segir hann.

Steingrímur Ari Arason, forstjóri Sjúkratrygginga, segir þetta nýja fyrirkomulag til bóta. „Þetta er liður í því að gera þjónustuna gagnsærri og mér finnst það alveg tvímælalaust til bóta,“ segir Steingrímur Ari. **jonhakon@frettabladid.is**


UP!LAGÐUR



Nýr up! frá aðeins
**1.890.000 kr.**
Við látum framtíðina rætast.
Volkswagen


# Kalla eftir hugmyndum frá almenningi

**UMHVERFISMÁL** Vinna við aðgerðaáætlun í loftslagsmálum er hafin og hefur verið opnað sérstakt vefsvæði tileinkað vinnunni á slóðinni www.co2.is. Almenningur er hvattur til að senda hugmyndir og tillögur að aðgerðum til verkefnisstjórnar á netfangið loftslag@uar.is

„Það er mín staðfasta trú að til þess að aðgerðir í loftslagsmálum geti raunverulega virkað þá verða þær að vera þannig útbúnar og þeim þannig hagað að allir í samfélaginu komi að þeim,“ segir Björt Ólafsdóttir, umhverfisráðherra.

„Alveg frá byrjun hef ég lagt áherslu á það að við séum ekki bara nokkur ráðuneyti eða stjórnsýslan að vinna að því ein og sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, þetta er mál sem snertir alla, atvinnulífið, sveitarfélögin og einstaklinga. Til að við náum markmiðum okkar sem eru metnaðarfull þá þurfum við að gera margt og við erum bara einfaldlega að kalla eftir hugmyndum almennings um leiðir til að draga úr losun kolefnis,“ segir Björt.

> **Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlun í loftslagsmálum liggi fyrir í lok árs 2017. Með henni er stefnt að því að setja fram aðgerðir sem ætlað er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi.**



Gert er ráð fyrir að aðgerðaáætlunin liggi fyrir í lok árs 2017 en með henni er stefnt að því að setja fram aðgerðir sem ætlað er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi og auka bindingu koldíoxíðs úr andrúmslofti.

Ætlunin er að birta jafnóðum á vefsvæðinu þær tillögur sem berast en þar er einnig að finna ýmsar upplýsingar er tengjast vinnunni við aðgerðaáætlun.

Sex ráðherrar í ríkisstjórn Íslands skrifuðu undir viljayfirlýsingu um gerð áætlunarinnar en vinnan er leidd af forsætisráðuneytinu og umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. – **sg**




Brimborg | Bíldshöfða 8 110 Reykjavík S. 515 7000 | Tryggvabraut 5 600 Akureyri S. 515 7050

mazda.is



**Gengi hlutabréfa í Icelandair Group hækkaði um rúmlega 4 prósent í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Hlutabréf í Icelandair tóku kipp á markaði

**VIÐSKIPTI** Gengi hlutabréfa í Icelandair Group hækkaði um 4,32 prósent í 564 milljóna króna viðskiptum í gær. Hækkunina má líklega rekja til nýrra flutningatalna sem birtust fyrir helgi. Þá kom fram að í júní flutti Icelandair um 488 þúsund farþega sem var 11 prósent aukning milli ára.

Í gær hækkaði úrvalsvísitalan um 1,31 prósent og vó hækkunin hjá Icelandair Group þar þungt. Félaginu hefur ekki gengið mjög vel á markaði síðustu mánuði. Frá áramótum hefur gengi hlutabréfa í Icelandair Group lækkað um rúmlega 30 prósent. Lækkunin var einna mest milli janúar og marsmánaða en gengið hefur þó hækkað síðastliðna viku. – sg

## Ríkið tók ekki ódýrasta tilboðinu

**DÓMSMÁL** Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði þann 4. júlí síðastliðinn að Ríkiskaup og RARIK ohf. væru skaðabótaskyld gagnvart Annata ehf. í máli er varðaði samningskaupaferli um orkureikningakerfi.

Í nóvember 2015 hafði tveimur þátttakendum verið boðið til samningskaupaviðræðna við Ríkiskaup og RARIK ohf., annars vegar Annata og hins vegar Advania. Hinn 11. nóvember 2016 var forsvarsmönnum Annata tilkynnt að gengið hefði verið til samninga við Advania ehf. Annata kærði í byrjun desember síðastliðnum ferlið og gerði kröfu um að ákvörðun um val á tilboði Advania yrði felld úr gildi. Tilgangur viðræðnanna var að leita eftir samningsaðila sem gæti útvegað RARIK ohf. orkureikningalausn og veitt þjónustu á sem hagstæðastan máta með tilliti til verðs og gæða. Annata átti lægsta verðtilboðið.

Samkvæmt úrskurðinum höfðu Ríkiskaup og RARIK ekki sýnt fram á að þau hafi tekið afstöðu til tilboða í samræmi við skilmála, valið hagkvæmasta tilboðið og þar með uppfyllt skyldu sína. Þeim var gert að greiða Annata skaðabætur og 700 þúsund krónur í málskostnað. Hins vegar var kröfu kæranda hafnað um að fella úr gildi ákvörðun um val á tilboði Advania. – sg



**Ólafur Arnarson segir að sum ummæli og yfirlýsingar stjórnar Neytendasamtakanna jaðri við að vera brot á meiðyrðalöggjöf. Erjur Ólafs við stjórnina hafi að miklum hluta farið fram í fjölmiðlum, en Ólafur segist ekki ætla að elta einstaklinga sem hafa gert á hlut hans. Neytendasamtökin hafi ekkert gert honum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Ætlaði sér aldrei í líkfylgd

**Fjárhagur Neytendasamtakanna hefur verið í mínus undanfarin ár. Fráfarandi formaður segir að aðgerðir hans hafi miðað að því marki að rétta úr kútnum. Samskiptaörðugleikar við stjórnina hafi skemmt fyrir.**

**NEYTENDUR** Breytinga er þörf ef Neytendasamtökin eiga ekki að deyja drottni sínum á næstu misserum. Fráfarandi formaður segist hafa teflt djarft til að forða samtökunum frá þeim örlögum en samskiptaörðugleikar í stjórninni hafi komið í veg fyrir það.

Undanfarin ár hefur rekstur Neytendasamtakanna verið í mínus. Velta samtakanna hefur verið um sjötíu milljónir á ári en útgjöld verið örfáum milljónum meiri. Ólafur Arnarson, sem sagði af sér sem formaður samtakanna í gær, segir að vandi þeirra felist ekki í útgjöldunum heldur tekjuöflun þeirra. Formennskutíð Ólafs hófst síðasta haust.

„Undanfarin ár hafa samtökin nánast verið á líknardeild. Mér var alveg ljóst þegar ég tók við formennsku að það voru tveir möguleikar í stöðunni, annaðhvort að gerast göngumaður í líkfylgd eða spyrna við fæti og blása eldi í þær glæður sem þarna voru,“ segir Ólafur.

Nánast frá upphafi virðast hafa verið samskiptaörðugleikar innan stjórnarinnar. Deilurnar snerust um

> **Ég ætla ekki að fara að elta einstaklinga sem hafa gert á hlut minn.**
>
> Ólafur Arnarson, fráfarandi formaður Neytendasamtakanna

skuldbindingar sem stjórnin sakar formann um að hafa gert í óþökk og án vitundar annarra stjórnarmanna. Um er að ræða samning um smáforritið Neytandann, kjör Ólafs og bílaleigubíl handa honum. Í öllum tilfellum segir Ólafur að stjórnarmenn og fjármálastjóri hafi verið meðvitaðir um hvað stóð til hverju sinni.

Að mati Ólafs var lítill vilji til að sætta ólík sjónarmið og reiknar hann með að fullar sættir hafi náðst með því að hann stigi til hliðar. Markmiðið hafi ávallt verið að koma honum frá og skipti engu máli hver afdrif samtakanna yrðu við þann gjörning.

„Það voru tveir frambjóðendur, auk mín, sem ætluðu sér formannsstólinn. Innan stjórnarinnar má síðan finna stjórnarmeðlimi sem ætluðu sér að starfa með sínum formanni en ekki mér,“ segir Ólafur. „Auðvitað á það ekki að skipta máli þó menn lendi ekki í stjórninni sem þeir ætluðu sér. Menn eiga að geta tekið höndum saman og horft fram hjá ágreiningi þótt þeir hafi verið í sitthvoru liðinu í kosningum.“

Eftir að erjurnar komu upp á yfirborðið hafa þær að stórum hluta farið fram í fjölmiðlum. Ummæli hafa fallið úr báðum áttum en Ólafur segir að sum ummæli og yfirlýsingar stjórnarinnar jaðri við að vera brot á meiðyrðalöggjöf. Ekki þurfi ríka sköpunargáfu til að lesa það út úr yfirlýsingum stjórnarinnar að hann hafi dregið sér fé úr sjóðum samtakanna. Það sé hins vegar af og frá og staðfesti varaformaður samtakanna í viðtali á dögunum að ekki væri grunur um slíkt.

„Faðir minn [Örn Clausen hæstaréttarlögmaður] sagði eitt sinn að ef einhver hefur uppi meiðyrði við þig þá gleymist það á viku. Ef þú ferð í mál vegna þess þá vinnurðu mögulega málið en allir muna ummælin svo árum skiptir,“ segir Ólafur. „Ég ætla ekki að standa í því að láta hart mæta hörðu. Ég ætla ekki að fara að elta einstaklinga sem hafa gert á hlut minn og Neytendasamtökin hafa ekkert gert mér.“

Ólafur óttast mjög um framtíð samtakanna. Uppsagnarfrestur starfsmanna á skrifstofu þeirra renni út í lok september og þá taki óvissan við. Sökum ákvörðunar meirihluta stjórnarinnar um að segja upp ráðningarsamningum starfsfólks sé óvíst, og í raun vafasamt, hvort þjónustusamningur þeirra við ríkið verði endurnýjaður. Hann óttast að núverandi stjórn sé að sólunda því stórkostlega tækifæri sem felst í appinu Neytandanum, sem gæti orðið kjölfesta Neytendasamtakanna til langrar framtíðar.

„Ég barðist mjög gegn því að ráðningarsamningum starfsfólks yrði sagt upp. Ég á bágt með að sjá hvernig stjórnvöld geta samið um áframhaldandi samstarf við samtök sem geta ekki sýnt með óyggjandi hætti að starfsemi þeirra haldi áfram. Þótt núverandi samningur sé ekki meirihluti tekna samtakanna er ljóst að ef hann skortir verður fótunum kippt undan Neytendasamtökunum,“ segir Ólafur. johannoli@frettabladid.is






**Sara Björk Gunnarsdóttir**
Fyrirliði kvennalandsliðsins og Þýskalandsmeistari í knattspyrnu

Við kynnum nýjan Volkswagen Golf sem er engum líkur. Hann kemur í ótal útfærslum þannig að þú finnur örugglega þann eina rétta fyrir þig. Svo býr hann yfir eiginleikum og búnaði sem breyta akstrinum í hreint magnaða tilfinningu. Komdu og prófaðu nýjan Golf. Þú mátt til með að finna muninn.

**Verð frá aðeins 3.150.000 kr.**

FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5

**Við látum framtíðina rætast.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ







**Meðlimir hinnar svokölluðu Svörtu blokkar bjóða leiðtoga G20 ríkjanna velkomna til helvítis.** NORDICPHOTOS/AFP

# Vilja gera gagnagrunn yfir vinstriöfgamenn

**Kristilegir demókratar í Þýskalandi vilja bregðast við óeirðunum í Hamborg af hörku. Kanslaraefni jafnaðarmanna líkir óeirðaseggjum við hryðjuverkamenn. Hundruð ollu miklu tjóni í Hamborg, þó mótmæltu tugir þúsunda friðsamlega.**

**ÞÝSKALAND** Þingmenn Kristilegra demókrata í Þýskalandi vilja að Evrópa komi sér upp sameiginlegum gagnagrunni til að fylgjast með vinstrisinnuðum öfgamönnum. Frá þessu greindi BBC í gær.

Kveikjan að hugmyndinni eru aðgerðir hundraða manna hóps sem gekk berserksgang á götum Hamborgar og mótmælti fundi leiðtoga G20 ríkjanna um helgina. Líkti Martin Schulz, kanslaraefni þýska Jafnaðarmannaflokksins, hópnum við hryðjuverkamenn í gær. Hópurinn sem um ræðir samanstóð af meðlimum hóps sem kallar sig Svörtu blokkina og spratt upp á níunda áratugnum.

Um 20.000 lögregluþjónar stóðu vörð um fundinn en nokkur hundruð meðlima Svörtu blokkarinnar kveiktu í bílum, rændu verslanir og köstuðu eldsprengjum og steinum. Langstærstur hluti mótmælenda, tugir þúsunda, mótmæltu þó friðsamlega.

Schulz sagði í samtali við Reuters-fréttastofuna að aðgerðum óeirðaseggjanna svipaði til aðgerða hryðjuverkamanna. „Þetta fólk tók heila borg í gíslingu í heimsku sinni, líkt og um hryðjuverkamenn væri að ræða.“

## Hvað er þessi Svarta blokk?

Svarta blokkin er nafn sem hreyfing vinstriöfgamanna í Þýskalandi hefur fengið. Meðlimir hópsins eru venjulega dökkklæddir með grímur.

Í úttekt Deutsche Welle segir að markmið blokkarinnar sé að afnema kapítalisma og koma á stjórnkerfi án peninga.

Varð hreyfingin þekkt á níunda áratugnum eftir óeirðir í Vestur-Þýskalandi þar sem kjarnorkuverum og útburði hústökufólks var harðlega mótmælt.

Eru mótmælin í Hamborg ekki þau fyrstu þar sem fjöldi lögregluþjóna særðist. Slíkt gerðist líka í Rostock árið 2007.

Frank-Walter Steinmeier, forseti Þýskalands, tjáði sig einnig um óeirðirnar í gær. „Sú eyðilegging á munum lögreglu og almennra borgara sem mótmælendur stóðu að hryggir mig mjög,“ sagði forsetinn.

Að sögn lögreglunnar í Hamborg særðust 476 lögregluþjónar í átökum. Alls voru 186 handteknir.

Þingmenn Kristilegra demókrata hafa jafnframt kallað eftir því að Olaf Scholz, borgarstjóri Hamborgar, segi af sér vegna óeirðanna. „Það mun ég ekki gera,“ sagði Scholz við fjölmiðla á sunnudagskvöld og bætti því við að hann hefði einungis haft yfir 20.000 lögregluþjónum að ráða. Ekki hefði verið hægt að fá fleiri lögregluþjóna á svæðið.

BBC greinir frá því að þeir sem skráðir yrðu í hinn sameiginlega gagnagrunn muni ekki fá að ferðast á milli landa þegar atburðir á borð við G20-fundinn standa yfir.

Einn talsmaður hugmyndarinnar, Heiko Maas dómsmálaráðherra, sagði í samtali við Bild í gær að óeirðirnar sýndu nauðsyn slíks gagnagrunns. „Stór hluti þeirra sem tóku þátt í ofbeldinu voru óþekktir einstaklingar sem komu frá útlöndum. Slíkur gagnagrunnur myndi auðvelda ríkjum að koma í veg fyrir komu slíks fólks til landsins.“

Ansgar Heveling, þingmaður Kristilegra demókrata, sagði í viðtali við Mitteldeutschen Zeitung, að hann myndi vilja sjá aukin útgjöld til lögreglu í ljósi óeirðanna, einkum á svokölluðum sjálfsstjórnarsvæðum á borð við Rote Flora í Hamborg og Rigaer Straße í Berlín.

**thorgnyr@frettabladid.is**


NISSAN
Innovation that excites
30 kWh
250 km**
ZERO Emission
SUMARTILBOÐ
Á NISSAN LEAF
5 ÁRA ÁBYRGÐ OG REGLUBUNDNAR ÁBYRGÐAR-SKOÐANIR FYLGJA NÝJUM LEAF FYRSTU 3 ÁRIN*
100% RAFKNÚINN NISSAN LEAF.
RAFBÍLL ER FRAMTÍÐIN
NÝ 30 KWH RAFHLAÐA.
250 KM DRÆGI.
Nú færðu nýjan Nissan Leaf með stærri rafhlöðu og meira drægi en nokkur annar bíll í þessum stærðarflokki. Komdu og reynsluaktu þessum vinsæla rafbíl og kynnstu af eigin raun hvers vegna Nissan Leaf er mest seldi rafbíll í heimi.
NISSAN LEAF VISIA 30kWh
Verð: 3.390.000 kr.
Bíll á mynd: Nissan Leaf Tekna, verð: 4.090.000 kr.
*Með 3 ára ábyrgðarskoðun geta eigendur Nissan Leaf notið þess að koma með bílinn í árlegar áskildar skoðanir sem viðhalda ábyrgð bílsins án þess að greiða neitt aukalega. Sumartilboðið gildir ekki með öðrum afsláttum.
**Drægi hverrar hleðslu miðast við uppgefnar tölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður.
ENNEMM / SÍA / NM82584
GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080
BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L

# Þagað um mengun



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Nú er ljóst að skólp hafði runnið út í sjó við Faxaskjól í Reykjavík í þrjár vikur þegar almenningur fékk fyrst upplýsingar um bilun í dælustöð og mengun sem henni fylgdi. Allan þennan tíma létu Reykjavíkurborg og stofnanir og fyrirtæki á hennar vegum hjá líða að tilkynna um mengunina að eigin frumkvæði þrátt fyrir lögbundna skyldu um slíkt.

Ákvæði um skyldu stjórnvalda til að veita upplýsingar um mengun að eigin frumkvæði kom inn í lög um upplýsingarétt um umhverfismál árið 2012. Þar segir að stjórnvöldum sé „ævinlega skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að frávik vegna mengandi efna í umhverfi geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks eða dýra“. Þegar Reykjavíkurborg er annars vegar hvílir upplýsingaskyldan samkvæmt lögunum á borginni sjálfri, stofnunum borgarinnar og fyrirtækjum í hennar eigu.

Greint hefur verið frá því að stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hafi fengið minnisblað um bilun í dælustöðinni í Faxaskjóli hinn 15. júní og hún hafi verið rædd á stjórnarfundi hinn 19. júní síðastliðinn. Þegar RÚV sagði frá saurmengun í sjónum við Faxaskjól hinn 5. júlí hafði skólp runnið út í sjó í 21 dag í 3,5 kílómetra fjarlægð frá Nauthólsvík, vinsælum baðstað Reykvíkinga, án þess að borgarbúar væru látnir vita. Á hvaða tímapunkti ætluðu embættismenn borgarinnar að segja frá biluninni? Í þessu sambandi skiptir engu máli þótt hverfandi líkur séu á því að saurmengun geti borist frá Faxaskjóli að Nauthólsvík.

S. Björn Blöndal, formaður borgarráðs, hefur vísað til þess að það sé Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að meta hvort mengun sé skaðleg þannig að skylt sé að tilkynna um hana að eigin frumkvæði. Veitur ohf. greina frá því á heimasíðu sinni að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi farið og kannað magn saurgerla í fjörunni við dælustöðina í Faxaskjóli hinn 6. júlí og frumniðurstöður mælinga hafi legið fyrir daginn eftir. Hvernig gat Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vitað að magn saurgerla í sjó væri ekki skaðlegt almenningi þegar engar mælingar höfðu farið fram í sjónum við dælustöðina? Töldu embættismenn borgarinnar og starfsmenn Veitna að það væri bara best að sleppa því að segja frá biluninni, sleppa því að óska eftir saurgerlamælingum og vona það besta?

**Embættismenn og kjörnir fulltrúar gleyma því stundum að þeir eru þjónar almennings.**

Það er mikilvægt að hafa hugfast að í þessar þrjár vikur sem skólp rann út í sjó við Faxaskjól vissu starfsmenn Veitna og embættismenn borgarinnar ekki hvort magn saurgerla í sjó væri yfir viðmiðunarmörkum og hvort saurmengun á staðnum væri þannig skaðleg heilsu fólks. Menn gátu áætlað það út frá magni skólps sem hafði runnið út í sjóinn en gátu ekki haft örugga vitneskju um það án mælinga.

Embættismenn og kjörnir fulltrúar gleyma því stundum að þeir eru þjónar almennings. Fólk sem starfar fyrir sveitarfélög hefur fyrst og fremst skyldum að gegna gagnvart íbúum sveitarfélagsins. Að þegja um saurmengun skammt frá vinsælum baðstað Reykvíkinga eru algjörlega óforsvaranleg vinnubrögð.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Bíódagar**

**Nú er tekist á um framlög úr kvikmyndasjóði. Það er gott að fréttir úr menningu kveiki bál í brjósti fólks. Nú standa öll spjót á Laufeyju Guðjónsdóttur, forstöðumanni stofnunarinnar, fyrir úthlutun úr sjóðnum til Ófærðar 2, en Baltasar Kormákur er einn framleiðenda seríunnar. Handrit að þáttunum var ekki tilbúið þegar styrkveitingin barst, sem brýtur í bága við reglur um úthlutun styrkja úr sjóðnum. Að forstöðumaðurinn hafi brotið reglur er alvarlegt mál, en getur varla talist á ábyrgð Baltasars líkt og sumir hafa haldið fram í umræðunni.**

**Stikkfrí**

Baltasar er framtakssamur kvikmyndagerðarmaður. **Hlutfallslega framleiðir hann mikið af efni. Því er það ekki endilega óeðlilegt að hann fái mikið úthlutað úr fagsjóði kvikmyndagerðarmanna á Íslandi, en skiljanlega eru fleiri um hituna. Varla er Laufey stikkfrí hvað þetta varðar. Hún kemur til með að þurfa að svara þeim athugasemdum og áleitnu spurningum sem hafa fallið frá fagfólki úr stétt kvikmyndagerðarfólks, þar sem hún er sú með völdin og fjárráðin. En eitt er ljóst, ef menn ætla sér að vera jafn ástríðufullir í umræðu um listir og menningu og raunin hefur verið undanfarna daga, er blómlegt fram undan í listalífinu hér á landi.**

**olof@frettabladid.is**

# Listi ráðalausu ríkisstjórnarinnar lengist



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
alþingismaður og formaður Framsóknarflokksins

Ráðherra ferðamála vill fjölga stofnunum við stjórnsýsluna. Skilja má ráðherra á þann veg að ný stofnun sé nauðsynleg til að hægt sé að taka ákvarðanir um takmörkun á aðgengi ferðamanna að viðkvæmum svæðum í náttúru Íslands. Í stað þess að einhenda sér í að móta stefnu til lengri tíma, tryggja sjálfbærni ferðaþjónustunnar sem byggir á þeirri vitneskju sem við höfum meðal okkar fagfólks, þá er ráðleysið slíkt að aftur eigi að búa til eitthvað nýtt. Er þörf á „litlilli Hafró“, eins og ráðherra kýs að kalla hana? Að mínu mati væri nærtækara að styrkja þann faglega grunn sem nú þegar er fyrir hendi og efla rannsóknir enn frekar innan þeirra stofnana sem sjá um þessi mál, a.m.k. á meðan ekki er til sérstakt ráðuneyti ferðamála.

Umtalsvert flækjustig er í málaflokknum. Hugmynd ráðherra væri ágæt ef ekki væru nú þegar til stofnanir sem hafa umsjón með þessu verkefni, en Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Ferðamálastofa og Rannsóknarmiðstöð ferðamála sjá um rannsóknir, vöktun, gagnaöflun og ákvarðanatöku með einum eða öðrum hætti.

**Er þörf á „litlilli Hafró“, eins og ráðherra kýs að kalla hana?**

Ég veit ekki betur en að Umhverfisstofnun styðjist við gögn frá fagfólki og birti rauða og appelsínugula lista yfir svæði, sem eru í hættu vegna átroðnings. Umhverfisstofnun hefur auk þess heimild til að loka og taka gjald fyrir veitta þjónustu á náttúruverndarsvæðum. Skyldi ráðherra umhverfis- og auðlindamála vera samþykkur því sem ferðamálaráðherra boðar?

Ferðamálastofa, sem er á ábyrgð ferðamálaráðherra, fór í umfangsmikla stefnumótunarvinnu síðastliðið haust. Þessi ágæta stofnun starfar eftir metnaðarfullri framtíðarsýn til að tryggja faglega umgjörð og sinnir m.a. gagnaöflun og rannsóknum í ferðaþjónustu, svo hægt sé að taka góðar og réttmætar ákvarðanir. Rannsóknarmiðstöð ferðamála hefur það að markmiði að efla rannsóknir á sviði ferðamála. Að henni standa nokkrir háskólar, Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálastofa. Við þetta bætist Stjórnstöð ferðamála sem hefur þann tilgang að samhæfa stjórnsýslu ferðaþjónustunnar og halda utan um brýn verkefni.

Er flækjustigið ekki nóg?



**TIL SÖLU**

Fasteignin að Fiskislóð 61-65, Reykjavík. Alls 2.791 m2. Húsið er í góðu ástandi og hefur fengið gott viðhald. Í dag er rekin fiskvinnsla í húsinu en fjölbreyttur atvinnurekstur er í næsta nágrenni og miklir möguleikar sem felast í eigninni.

Afhending eignar yrði skv. samkomulagi við eiganda sem hefur alla eignina í notkun í dag.

Áhugasamir kaupendur geta haft samband við Pál Kristjánsson, hdl. í síma 849-5870 eða í gegnum netfangið pall@krst.is

K·R·S·T LÖGMENN   Tryggvagata 11 | 101 Reykjavík | krst@krst.is | 551-6412

FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Þögnin er rofin – núna þarf að auka öryggið



Bjarni Karlsson
MA í kynlífssiðfræði og prestur við sálgæslu- og sálfræðistofuna Haf.

Þessa daga fer fram mikilvæg umræða um það hvað geti verið eðlileg viðbrögð í samfélagi okkar gagnvart kynferðisofbeldi einkum þegar það snýr að börnum. Kveikjan að umræðunni er spurningin um uppreist æru lögfræðings sem í framhaldinu vill endurheimta lögmannsréttindi sín og þorra almennings í landinu er misboðið, því eitt er að mega vinna fyrir sér og annað að njóta þess ríka trúnaðar sem lögmannsréttindi fela í sér.

Það var stórkostleg breyting á 10. áratug síðustu aldar þegar þolendur kynferðisofbeldis hættu að skammast sín fyrir ofbeldið sem þau höfðu orðið fyrir og byrjuðu að segja frá. Núna vita þau sem beita kynferðisofbeldi að líklega muni verk þeirra ekki liggja í þagnargildi. Það er mikilvægt. Enn er þó langt í land og kynferðisofbeldi virðist ekki í rénun þrátt fyrir þessa breytingu. Í því sambandi langar mig að benda á þætti sem ég held að við þurfum að bæta í því skyni að ná meiri árangri.

Ég hef starfað við sálgæslu sem prestur frá 1990 og hef enga tölu á þeim hundruðum þolenda, gerenda og ástvina beggja vegna borðs sem ég hef horfst í augu við á þeim tíma. Af öllum kynferðisglæpum er barnaníð ömurlegast og skuggarnir oft langir sem það varpar inn á æviveginn og til eru kynferðisglæpamenn sem aldrei nokkurn tímann ná þeim þroska að skilja alvöru gjörða sinna og þann skaða sem þeir hafa valdið. Hins vegar er það líka svo í lífi mjög margra sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi í æsku að óttinn við að segja frá tengist ekki síst áhyggjum af viðbrögðum umhverfisins sem, þrátt fyrir að hafa batnað mikið hin síðari ár, einkennast enn af of miklum upphrópunum og einföldunum sem ekki hjálpa. Þolendur barnaníðs fá t.d. gjarnan þau skilaboð að þau hafi orðið fyrir sálarmorði eða að vegna ofbeldisins eigi þau hreinlega enga æsku til að minnast. Gerendur í barnaníðsmálum eru sömuleiðis skilgreindir í einn flokk og um þá fullyrt með fáum stórum orðum. Sá sem eitt sinn hefur níðst á barni er að eilífu skilgreindur af því verki sínu og því ítrekað haldið fram að slíkt fólk geti ekki breyst og aldrei batnað.

Við gleymum því hins vegar gjarnan að flestir barnaníðingar eru á táningsaldri þegar verknaður er framinn og eru oft náskyldir fórnarlömbum sínum. Fjölskylduboð og sumarbústaðaferðir eru líklega algengustu vettvangar glæpanna. Flestum gerendum endist ekki ævin til að harma gjörðir sínar eftir að þeir ná þroska og verða nýtir þjóðfélagsþegnar. Og flestir þolendur ná þrátt fyrir allt og allt að eiga gott líf sem ekki einkennist af níðinu þótt afleiðingarnar séu alltaf alvarlegar.

Ég álít að núna sé tími kominn til að ná meiri árangri í því að stöðva barnaníð í samfélagi okkar og auka kynferðislegt öryggi. Mikilvægur liður í því væri að minnka ofsann í þessum málum en efla samtal, fræðslu og opið aðhald á öllum sviðum og stigum samfélagsins þannig að færri þolendur finni sig knúna til að læsa reynslu sína inni og henda lyklinum og færri gerendur komist upp með athæfi sitt heldur séu gripnir, haldið ábyrgum þegar í stað og refsað með raunhæfum hætti.

Fjöldi þolenda þorir ekki að ræða sín mál af því að þau geta ekki treyst umhverfinu til að vera skynsamt. Helstu úrræðin sem við eigum eru refsingar en þegar kemur að því að halda fólki ábyrgu og auka öryggi erum við fákunnandi. Útkoman er sú að fjölmargar stórfjölskyldur lifa í ískaldri þögn vegna óuppgerðra kynferðisofbeldismála sem enginn veit hvernig á að vinna úr. Ófáir menn eru útlægir frá landinu vegna þess að þeir voru einu sinni dæmdir og ef þeir voga sér að heimsækja ástvini eru þeir varla komnir í gegnum tollinn fyrr en þeir eru teknir fyrir á samfélagsmiðlum og allt um þá er rifjað upp því netið gleymir engu. Í raun handjárnum við gerendur og þolendur saman í órjúfanlegum sársauka og skömm með því að við gefum ofbeldisglæpnum eilíft líf. Og ef einhver imprar á þáttum eins og fyrirgefningu eða mannúðlegri meðhöndlun barnaníðinga er sá sami ásakaður um að gera lítið úr þjáningu fórnarlamba og draga taum ofbeldismanna.

Þegar þolandi ofbeldis finnur fyrirgefningu vaxa fram í lífi sínu merkir það ekki að hann hafi skipt um skoðun á því sem gerðist og nú sé það orðið í lagi. Fyrirgefning er það þegar ofbeldið hefur ekki lengur vald yfir lífi þolandans.

Ef við viljum raunverulega auka öryggi barna í samfélagi okkar og draga úr kynferðisofbeldi gagnvart þeim er einangrun og útskúfun fólks sem haldið er barnagirnd vond hugmynd og til þess fallin að auka á líkur á brotum. Raunhæfara væri að fela heilbrigðisyfirvöldum að annast þjónustu og eftirlit með brotlegum aðilum sem tekið hafa út sína refsingu og nálgast málefnið sem sértækan heilsuvanda. Nú teldi ég eðlilegt í ljósi samfélagsumræðunnar um þessi mál, sem augljóslega liggur á okkur öllum, að lögreglu- og heilbrigðisyfirvöld tefldu fram þar til bærum fulltrúum sem lýstu því fyrir þjóðinni hvaða viðbrögð séu talin líklegust til árangurs í þessum efnum. Við höfum náð þeim árangri að þolendur eru hættir að þegja og skammast sín. Núna þarf að auka öryggið.



FRÉTTABLAÐIÐ

# SPORT

## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍA - Víkingur R. 1-1**

1-0 Tryggvi Hrafn Haraldsson (25.), 1-1 Alex Freyr Hilmarsson (77.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Valur | 10 | 6 | 3 | 1 | 16-9 | 21 |
| Grindavík | 10 | 6 | 3 | 1 | 16-11 | 21 |
| FH | 11 | 4 | 5 | 2 | 19-15 | 17 |
| Stjarnan | 10 | 4 | 3 | 3 | 20-15 | 15 |
| Víkingur R. | 10 | 4 | 3 | 3 | 16-14 | 15 |
| KA | 10 | 3 | 3 | 4 | 17-14 | 12 |
| Breiðablik | 11 | 3 | 3 | 5 | 14-18 | 12 |
| KR | 9 | 3 | 2 | 4 | 13-15 | 11 |
| ÍBV | 10 | 3 | 2 | 5 | 11-17 | 11 |
| Víkingur Ó. | 10 | 3 | 1 | 6 | 11-18 | 10 |
| ÍA | 10 | 2 | 3 | 5 | 19-21 | 9 |
| Fjölnir | 9 | 2 | 3 | 4 | 8-13 | 9 |

## Í dag

**19.05 Þróttur R. - Fram** Sport

**Inkasso-deildin**

**19.15 Grótta-Leiknir R., ÍR-Fylkir, Þróttur R.-Fram, Haukar-Selfoss, Þór-Leiknir F., Keflavík-HK.**

### ORÐINN LEIKMAÐUR UNITED

Manchester United staðfesti í gær kaupin á belgíska framherjanum Romelu Lukaku frá Everton. Talið er að Lukaku hafi kostað 75 milljónir punda. „Romelu passar fullkomlega fyrir United,“ sagði José Mourinho, knattspyrnustjóri United, um Lukaku sem skrifaði undir fimm ára samning við United. Lukaku lék með Everton í fjögur ár og skoraði 71 mark í 133 leikjum fyrir félagið. Lukaku mun leika í treyju númer níu hjá United.

### SWANSEA VILL 50 MILLJÓNIR

Swansea City hefur sett 50 milljóna punda verðmiða á Gylfa Þór Sigurðsson samkvæmt heimildum BBC. Um helgina voru ensku miðlarnir á því að íslenski landsliðsmaðurinn væri á leiðinni til Everton fyrir rúmlega 30 milljónir punda en ljóst er að Swansea vill fá meira fyrir sinn besta mann. BBC greindi frá því í gær að Swansea hefði hafnað 40 milljóna tilboði frá Leicester City í Gylfa sem skoraði níu mörk og gaf 13 stoðsendingar á síðasta tímabili. Gylfi, sem er 27 ára, á þrjú ár eftir af samningi sínum við Swansea.


**Þjónustumiðstöð tónlistarfólks**



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn



**Vinnuskúrar og geymslugámar**

**MÚRBÚÐARVERÐ**



Geymslugámur, 20 fet með opnanlegri hlið

Verð frá 818.000 kr.

Geymslugámur 6 fet

Verð 309.000 kr.





Geymslugámur 9 fet

Verð 419.000 kr.

Vinnuskúr með rafmagnstöflu og ljósi

20 feta 929.000 kr.



MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is






**Staðan í Pepsi-deildinni ef Grindavíkurliðið hefði verið án Andra Rúnars Bjarnasonar:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Valur | 22 stig | Breiðablik | 12 stig |
| FH | 19 stig | KR | 12 stig |
| Stjarnan | 17 stig | ÍA | 12 stig |
| Víkingur R. | 16 stig | Víkingur Ó. | 10 stig |
| KA | 15 stig | Fjölnir | 9 stig |
| ÍBV | 14 stig | Grindavík | 4 stig |

Andri Rúnar Bjarnason á ferðinni með boltann í leik á móti KR í Vesturbænum. Andri Rúnar gerði út um þann leik eins og marga fleiri í sumar en hann fiskaði víti í lokin og skoraði úr því sigurmarkið í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sautján stiga maðurinn

**Nýliðar Grindavíkur eru við hlið Valsmanna á toppi Pepsi-deildar karla. Liðið væri aðeins með fjögur stig ef það hefði ekki verið með leikmann númer 99 í framlínunni. Andri Rúnar Bjarnason hefur komið að 81 prósenti markanna.**

**FÓTBOLTI** Nú eru liðnir 57 dagar síðan nýliðar Grindvíkingar töpuðu síðast leik í Pepsi-deild karla. Jafnlangur tími er enn frekar liðinn síðan Grindvíkingar skoruðu mark þar sem Andri Rúnar Bjarnason kom hvergi nærri.

Andri Rúnar Bjarnason skoraði sigurmarkið og lagði upp fyrra markið í 2-1 sigri á KA um helgina og hefur nú komið að tólf mörkum Grindvíkinga í röð með því annaðhvort að skora (10) eða gefa stoðsendingu (2).

Sigurinn á KA á sunnudaginn var sjöundi deildarleikur Grindavíkur í röð án þess að tapa og liðið hefur náð í 17 af 21 stigi í boði á undanförnum tveimur mánuðum.

Andri Rúnar skoraði sitt fjórða sigurmark í sumar á móti KA en hann tryggði Grindavíkurliðinu einnig öll þrjú stigin á móti Reykjavíkurliðunum KR, Val og Víkingi.

Grindavíkurliðið hefur skorað sextán mörk í fyrstu tíu deildarleikjum sínum og í aðeins þremur þeirra hefur Andri Rúnar ekki átt beinan þátt. Framherjinn stóri og stæðilegi hefur því komið að 13 af 16 mörkum eða 81 prósenti marka liðsins á leiktíðinni.

Andri Rúnar skoraði sitt tíunda deildarmark á móti KA og það þarf að fara alla leið aftur til sumarsins 1986 til að finna leikmann sem var fljótari en Andri Rúnar að komast yfir tíu marka múrinn. Framarinn Guðmundur Torfason skoraði þá sitt tíunda og ellefta mark 3. júlí. Guðmundur endaði á því að skora 19 mörk á tímabilinu og jafnaði þar með markamet Péturs Péturssonar. Þórður Guðjónsson (ÍA 1993) og Tryggvi Guðmundsson (ÍBV 1997) hafa náð að jafna metin en engum hefur enn tekist að slá metið sem Pétur setti í búningi Skagamanna sumarið 1978.

Ekki þarf að koma fólki mikið á óvart að stigatafla Pepsi-deildarinnar væri allt öðruvísi ef Andri Rúnar hefði ekki klæðst Grindavíkurtreyjunni í sumar. Grindavík væri þá aðeins með fjögur stig og langneðst í deildinni, heilum sex stigum frá öruggu sæti.

Hér fyrir ofan má sjá hvernig Andri Rúnar hefur skilað sautján stigum í hús með Grindavík í sumar en það eru fleiri stig en níu lið deildarinnar eru með samanlagt. Þarna má sjá mörk hans og stoðsendingar og stigin sem þau skiluðu í hverjum leik. ooj@frettabladid.is

**Andri Rúnar Bjarnason og leikir Grindvíkinga í Pepsi-deildinni í sumar**

| Dagsetning | Heimalið | Úrslit | Útilið | | Andri Rúnar | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.5.2017 | Grindavík | 2 - 2 | Stjarnan | Jafntefli | Fiskað víti sem gaf mark | +1 stig |
| 8.5.2017 | Víkingur R. | 1 - 2 | Grindavík | Sigur | Sigurmark | +2 stig |
| 14.5.2017 | Grindavík | 1 - 3 | Víkingur Ó. | Tap | | |
| 22.5.2017 | ÍA | 2 - 3 | Grindavík | Sigur | Mark, Mark, Mark | +3 stig |
| 28.5.2017 | Grindavík | 1 - 0 | Valur | Sigur | Sigurmark | +2 stig |
| 5.6.2017 | KR | 0 - 1 | Grindavík | Sigur | Sigurmark, Fiskað víti sem gaf mark | +2 stig |
| 14.6.2017 | Grindavík | 1 - 1 | FH | Jafntefli | Mark | +1 stig |
| 18.6.2017 | Grindavík | 3 - 1 | ÍBV | Sigur | Mark, Mark, Stoðsending | +3 stig |
| 26.6.2017 | Breiðablik | 0 - 0 | Grindavík | Jafntefli | | |
| 9.7.2017 | Grindavík | 2 - 1 | KA | Sigur | Sigurmark, Stoðsending | +3 stig |

Mark

Sigurmark

Stoðsending

Fiskað víti sem gaf mark

GRINDAVÍK 1935

# Fólk

ÞRIÐJUDAGUR 11. JÚLÍ 2017

## Heilsa



Matthildur María er mikill hjólakappi. Auk þess stundar hún líkamsrækt og hugsar vel um heilsuna alla daga.

# Hreyfir sig á hverjum degi

Matthildur María Rafnsdóttir útskrifaðist úr MR í vor. Hún vandist því að hreyfa sig mikið í æsku og getur ekki án þess verið í dag. Hún reynir að hreyfa sig á hverjum degi en lagar hreyfinguna að árstíðum. Hún gerðist vegan fyrir tveimur árum og deilir uppáhalds vegan-uppskriftinni sinni. →2



**Ómar Smári Kristinsson myndlistarmaður gaf nýverið út fimmtu hjólabók sína en þar lýsir hann ellefu hjólaleiðum um Rangárvallasýslu.**

heilsa →4






Vera Einarsdóttir
vera@365.is



Matthildur María æfði ballett hjá Guðbjörgu Björgvins frá þriggja til átján ára aldurs auk þess sem hún prófaði bæði handbolta og fimleika. Þó ballettskórnir séu komnir á hilluna reynir hún að hreyfa sig á hverjum degi. Hún féllst á að svara nokkrum heilsutengdum spurningum:

*Hvaða líkamsrækt stundar þú í dag?* Það fer svolítið eftir árstíðum. Á veturna er ég aðallega inni í ræktinni og reyni að velja fjölbreytta tíma ásamt því að gera æfingar sjálf. Á sumrin fer ég í 30-50 kílómetra hjólatúra tvisvar til þrisvar sinnum í viku ásamt því að fara í uppáhaldstímana mína í ræktinni og spila golf.

*Hvað æfir þú oft í viku?* Um það bil fimm til sex sinnum. Ég finn það hjá sjálfri mér hversu mikla hvíld ég þarf því vikurnar eru miserfiðar en ég reyni að hreyfa mig og gera léttar æfingar á hverjum degi.

*Hver er uppáhaldsæfingin þín?* Mér finnst best að gera hnébeygjur og skemmtilegast að hjóla.

*Hver er besta teygjan?* Ég er mjög hrifin af dúfunni en hún er góð fyrir bæði mjaðmir og rassvöðva. Svo er spíkat alltaf klassískt og þægilegt, segir Matthildur sposk.

*Aðhyllist þú einhverja sérstaka stefnu í mataræði? Ef svo er, af hverju?* Ég hef verið vegan í tvö ár og líður mjög vel af því. Vegan snýst þó ekki ekki eingöngu um mataræði heldur umhverfið, heilsuna og siðferði og það er ekki síður þess vegna sem ég ákvað að gerast vegan.



Á sumrin fer Matthildur María í tvo til þrjá hjólatúra á viku. MYND/ANTON

*Er eitthvað sem þú neitar þér um/forðast?* Ég forðast að borða allar olíur.

*Getur þú lýst dæmigerðum matseðli yfir daginn?* Ég byrja á því að drekka hálfan til einn lítra af vatni um leið og ég vakna og fæ mér svo nokkra banana og appelsínur í morgunmat. Í hádeginu fæ ég mér til dæmis ávaxtaskál, salat eða hafragraut og yfirleitt döðlur og græn epli í kaffinu. Dæmigerður kvöldmatur eru pastaskrúfur með sveppum, brokkólíi, spínati og Sollu tómatsósu.

*Hvað borðar þú fyrir og eftir æfingu?* Banana.

*Hvaða borðar þú milli mála?* Ef ég er svöng fæ ég mér oftast döðlur.

*Lumar þú á einhverjum góðum heilsuráðum?* Að drekka nógu mikið af vatni. Mér finnst gott að bæta sítrónu út í af og til.

Matthildur eldar mikið upp úr Thug Kitchen og Ómótstæðileg Ella. Úr síðarnefndu bókinni er meðfylgjandi taco-réttur sem hún segir einfaldan og nærandi. „Það er líka jafn auðvelt að gera hann fyrir tvo og tólf. Hann er fljótlegur og það fer lítill tími í að skera grænmeti.“

> Matthildi finnst best að gera hnébeygjur og að hjóla en hún er mikil íþróttakona.

## Uppskrift

**2 gulrætur, rifnar**
**2 hvítlauksrif, afhýdd og pressuð**
**600 ml tómatpassata**
**50 g tómatpúrra,**
**2x400 g dósir svartbaunir**
**1x400 g dós nýrnabaunir**
**1 ferskur jalapeño, frælaus og fínt saxaður**
**1 tsk. chili-flögur**
**Hýðishrísgrjón**
**Salt og pipar**

Setjið gulrætur og hvítlauk í stóran pott. Bætið tómatpassata, tómatpúrru, öllum baununum, jalapeño og chili-flögum út í ásamt salti og pipar eftir smekk. Sjóðið í um 10 mínútur. Hrærið vel í pottinum þar til allt er heitt og vel blandað. Hellið baunaréttinum yfir hýðishrísgrjónin og njótið.







# Gott í sumarsólinni

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Góðir réttir þurfa ekki að vera óhollir. Hér eru þrjár ólíkar uppskriftir sem allar eru góðar á sumardegi en jafnframt hollar.



Hollar og góðar pönnukökur með ferskum berjum. Hvað er betra í sumarfríinu?

## Hollar sumarpönnukökur

Pönnukökur eru alltaf unaðslega góðar. Hér eru hollar pönnukökur sem passa vel á góðum sumarmorgni með kaffinu eða í bröns. Nú er gott verð á alls kyns berjum í verslununum og um að gera að borða nóg af þeim. Berin eru einstaklega góð með pönnukökum og kotasælu ef fólk vill hafa allt hollt og gott. Annars er jógúrtís líka í fínu lagi. Uppskriftin miðast við fjóra.

**7 egg**
**3 dl haframjöl**
**3 dl kotasæla**
**2 bananar**
**25 g smjör**

Jarðarber, bláber, hindber eða brómber til að hafa með.
Hrærið saman egg, haframjöl, kotasælu og banana í matvinnsluvél þar til blandan verður létt og jöfn. Steikið pönnukökur með smá smjöri og fáið fallegan lit á báðar hliðar.
Berið fram með kotasælu og berjum.

## Eggja- og lárperusalat með kalkúni

Í þessa uppskrift er notuð tortillakaka úr heilhveiti. Þægilegur réttur sem hægt er að borða úti í náttúrunni. Fínasti hádegisverður fyrir fjóra eða nesti í ferðalagið.



Tortilla-kökur má fylla með alls kyns kjöti og grænmeti eftir smekk hvers og eins.

**8 egg**
**3 litlar lárperur**
**4 msk. kotasæla**
**2 msk. fínt saxaður graslaukur**
**½ tsk. salt**
**½ tsk. pipar**
**4 tortilla-kökur**
**200 g spínat**
**100 g kalkúnaálegg**

Sjóðið eggin í 10 mínútur og kælið þau undir ísköldu rennandi vatni. Skerið eggin og lárperurnar í litla bita. Blandið saman lárperum, kotasælu, graslauk, salti og pipar. Síðan eru eggjabitarnir hærðir saman við.
Setjið spínat, kalkúnaálegg og kotasælublönduna á hverja tortillu og rúllið upp.

## Vatnsmelónusalat með mojito

Þetta er ótrúlegt frísklegt salat fyrir fullorðna. Gera þarf vinaigrette með bragð af mintu, rommi og límónu. Salatið fer einstaklega vel með grilluðum kjúklingabringum. Uppskriftin miðast við fjóra.

**½ vatnsmelóna**
**Börkur af tveimur límónum**
**Safi úr einni límónu**
**2 tsk. hrásykur**
**2 msk. minta, fínt skorin**
**2 msk. romm (má sleppa)**
**2 msk. ólífuolía**
**½ tsk. salt**
**¼ tsk. pipar**

Skerið melónuna í hæfilega bita. Setjið sítrónusafa og börk í skál ásamt sykri, mintu og rommi. Hrærið allt vel saman. Bætið þá olíunni saman við og hrærið vel. Bragðbætið með salti og pipar. Hellið blöndunni yfir melónuna og geymið í ísskáp í 20 mínútur svo hún taki í sig bragðið.



Túrmerik er afar áhrifaríkt krydd og mikið notað í matargerð í Asíu. Túrmerik er bólgueyðandi og nú hefur verið gerður munnúði þar sem þetta töfrakrydd er í aðalhlutverki.

# Vantar þig krydd í tilveruna?

## Turmeric-munnúðinn er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum en þetta töfrakrydd er í hásæti bólgueyðandi efna í náttúrunni.

Túrmerik þekkjum við best sem heiðgula kryddið sem er eitt af undirstöðuefnunum í karrí og krydda Indverjar mat sinn ríkulega með þessu kryddi ásamt því að það er notað sem matarlitur. Turmeric (Curcuma longa) á sér djúpar rætur í indverskum lækningafræðum þar sem það hefur verið notað við bólgusjúkdómum eins og liðagigt, til þess að lækna meltingarvandamál, hreinsa blóðið, við húðvandamálum, morgunógleði og lifrarvandamálum í meira en 2000 ár.

### Sá fyrsti í heiminum!

Turmeric-munnúðinn frá Better You er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. Að baki liggja áralangar rannsóknir en sú vinna fólst að mestu í því að koma efninu á það form að það yrði frásogunarhæft gegnum slímhúð í munni. Lausnin var eins konar hjúpun á hverju mólekúli sem gerir það að verkum að þau loða ekki saman (hlaupa í kekki) og frásogast því afar vel gegnum slímhúðina. Þessi tímamótavinnsla tryggir meiri upptöku á öllum þremur virku efnasamböndunum (curcuminoids) sem finnast í túrmerik.

### Meiri upptaka

Túrmerik brotnar hratt niður í líkamanum og einnig frásogast það mjög illa í meltingarveginum. Munnspreyið er því algjör bylting en með því að spreyja út í kinn, komumst við fram hjá meltingunni og verður upptakan meiri fyrir vikið. Sýnt hefur verið fram á að frásog gegnum slímhúð í munni (kinnum) er töluvert meiri og ekki skemmir að það er gott appelsínubragð af Turmeric-munnspreyinu.




### Kúrkúmín í túrmerik

Kúrkúmín er það efni sem gefur túrmerikinu hinn djúpa gula lit og jafnframt það efni sem hefur verið rannsakað svo mikið. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt með ótvíræðum hætti hversu öflug þessi rót er og er það þegar vísindalega margsannað að þessi sterkgula rót er frábær til að vinna gegn bólgum í líkamanum. Allar rannsóknir hafa þó notast við meira magn af kúrkúmín en við getum innbyrt með matnum okkar daglega og því upplagt að taka það inn sem bætiefni líka. Turmeric-munnúðinn frá Better You inniheldur 850 mg af virkum kúrkúmínefnasamböndum.



„Túrmerik munnúðinn er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. Hámarksupptaka ef sprautað er út í kinn," Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi

> Kúrkúmín er í hásæti bólgueyðandi efna úr náttúrunni.

### Bólgueyðandi töfrakrydd

Krónískar bólgur eru rótin að mörgum lífsstílssjúkdómum sem og flestum þeim sjúkdómum sem hrjá nútímamanninn. Bráðar (skammtíma) bólgur eru líkamanum nauðsynlegar en að sama skapi verða þær að vandamáli ef þær eru langvarandi (krónískar). Eins og áður sagði hafa bólgueyðandi áhrif túrmeriks verið afar áhrifarík en það hefur hvorki bælandi áhrif á ónæmiskerfið né veldur aukaverkunum.

### Fyrir alla – líka vegan!

Turmeric-munnúðinn hentar bæði grænmetisætum og vegan og má nota hann á hvaða tíma dags sem er. Hrista vel fyrir notkun og sprauta bragðgóðum vökvanum fjórum sinnum út í kinnarnar.

### Hann inniheldur ekki:

- Glútein
- Mjólkurafurðir
- Ger
- Soya
- Gerviefni (litar- og bragðefni)

Athugið! Túrmerik hefur afar sterkan gulan lit og þarf því að passa fatnað og annað eins og þegar rótin sjálf er meðhöndluð.

Sölustaðir: Apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana

# Hjólað um Rangárvallasýslu

## Ómar Smári Kristinsson myndlistarmaður gaf nýlega út fimmtu hjólabók sína. Að þessu sinni lýsir hann ellefu hjólreiðaleiðum um Rangárvallasýslu.

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is



Reiðhjólasaga mín er nú ekki löng, ég var meira að segja frekar seinn að læra að hjóla," segir Ómar Smári, kallaður Smári, glettinn þegar hann er inntur eftir upphafi hjólaáhuga síns. „Ég hjólaði töluvert þegar ég var í námi úti í Þýskalandi en hafði gert lítið af því í mörg ár þegar ég flutti til Ísafjarðar fyrir tólf árum. Þá lánaði frændi minn mér hjól og það rifjaðist upp fyrir mér hvað þetta er dásamlegur ferðamáti," segir Smári sem einnig leit á hjólamennskuna sem góða leið til heilsubótar.

Smári hefur nú gefið út fimm hjólabækur um Vestfirði, Vesturland, Suðvesturland, Árnessýslu og nú síðast Rangárvallasýslu. En hvað kom til að hann fór að skrifa hjólabækur?

„Þar kom ýmislegt til. Í fyrsta lagi er ég haldinn flökkueðli en hef alið mig svo praktískt upp að ég þarf alltaf að hafa eitthvert erindi með flakkinu. Ég er sæmilega ritfær, get tekið ágætis myndir og hef unnið mikið við kortagerð. Konan mín er grafískur hönnuður og góður vinur minn bókaútgefandi. Þegar allt þetta er samankomið var hugmyndin að búa til bók ekki svo vitlaus," segir Smári brosandi og viðurkennir einnig að hann hafi mjög gaman af að miðla skemmtilegheitum til annarra.

Í nýjustu bók sinni um Rangárvallasýslu lýsir hann ellefu hjólreiðaleiðum, auðveldum og erfiðum, sem eiga það sameiginlegt að þær liggja í hring og að hægt er að loka hringnum á einum degi. Hverri leiðarlýsingu fylgja tillögur að fleiri ferðum. Þar að auki er nokkurra léttra hringleiða, sem ekki teljast til dagleiða, getið í bókinni.

En hvað einkennir Rangárvallasýslu sem hjólasvæði? „Þar er mikla fjölbreytni að finna, allt frá blómlegum landbúnaðarhéruðum til hálendis og fjallasala," segir Smári sem sjálfur er ættaður frá Gíslholti í Rangárþingi ytra. „Það var því mikil ánægja fyrir mig að vinna þessa bók enda gaman að vera túristi á heimaslóðum. Helmingur þeirra svæða sem ég hjólaði um voru svæði sem ég hafði ekki komið á áður sem sýnir að oft þarf maður að fara að heiman til að koma heim."

Er einhver leið sem stendur upp úr? „Leiðirnar höfða misvel til mín, en sú sem ég hafði mest yndi af var í Veiðivötnum. Reyndar setti ég hana með hálfum huga í bókina því mig langar helst að halda henni leyndri," segir hann og hlær.

Smári gefur hér til hliðar eina leiðarlýsingu úr bókinni.




Ómar Smári hefur unnið talsvert við kortagerð. Hér er hann við eitt þeirra sem hann gerði af bænum sínum Ísafirði.

> Helmingur þeirra svæða sem ég hjólaði um voru svæði sem ég hafði ekki komið á áður sem sýnir að oft þarf maður að fara að heiman til að koma heim.
>
> Ómar Smári Kristinsson



Hjólaumferð á Sigölduleið. MYND/ÓMAR SMÁRI KRISTINSSON



Fagurt er um að litast í Landmannahelli. MYND/ÓMAR SMÁRI KRISTINSSON




Hjólahringurinn Löðmundur.

### LÖÐMUNDUR

**Um háslétturnar á Hundraðfjallafrétti**
**Km:** 64,5
**Tími:** Heil dagleið (höf. 8,5 klst.)
**Malbik:** 0 km
**Hentar illa götuhjólum:** U.þ.b. helmingur.
**Illfært öllum hjólum:** 0 km
**2% halli og minna:** 53 km
**2% til 5% halli:** 7 km
**5% til 10% halli:** 3,5 km
**10% halli og meira:** 1 km
**Drykkjarvatn:** Í Dómadal og Landmannahelli og stundum víðar á sunnanverðri leiðinni.
**Varúð:** Hálendisleið með stopulu símasambandi.

### Leiðarlýsingin

Þessi leið liggur um hið tilkomumikla landslag Landmannaafréttar. Þrátt fyrir öll fjöllin er næsta lítið um brekkur. Við bestu skilyrði er hægt að fara leiðina á flestum gerðum reiðhjóla. Bestu skilyrði eru seinni part sumars, því þá er vegurinn sem liggur austan Valagjár og norðan Dyngja orðinn troðinn. Sú leið er fáfarin en vegurinn er yfirleitt sléttur og fínn. Á Sigölduleiðinni (Fjallabaksleið, F208), beggja vegna við afleggjarana að Hnausapolli, getur laus sandur verið til trafala á stöku stað.

Hvort fólk kýs að fara um hlaðið í Landmannahelli eða hjóla sunnan við Sátu og Löngusátu skiptir litlu máli út frá hjólatæknilegu sjónarmiði. Í báðum tilfellum er um næstum engar brekkur að ræða og á báðum leiðum þarf að vaða í vatni. Klukkugilskvíslin er ekki öll komin í rör og Rauðufossakvísl er óbrúuð. Fara þarf yfir síðarnefnda óháð því hvor leiðin er valin. Sé farið um Landmannahelli bætist vatn Helliskvíslar við, þar á gatnamótunum. Þar sem rennur úr Löðmundarvatni, skammt frá Landmannahelli, þarf að fara yfir eitt vað. Öll eru þessi vöð vel viðráðanleg í eðlilegu árferði. Stundum þarf að vaða á enn einum stað á hringleiðinni. Það gerist þegar Helliskvíslin nær að renna nógu langt til norðurs á yfirborði jarðar. Það gerist æ oftar eftir því sem hún þéttir sinn einnar aldar gamla farveg betur. Vaðið er grýtt, álótt og með sandbleytu en á samt ekki að vera fyrirstaða útsjónarsömum hjólreiðamanni.



# ALLT INNIFALIÐ

MEÐ ÖLLUM OKKAR LEGSTEINUM

NR. 116-5
VERÐ KR. 186.000
~~316.100~~

NR. 2042
VERÐ KR. 149.900
~~276.600~~

NR. 2046
VERÐ KR. 270.220
~~408.900~~

NR. 2006 AURORA
VERÐ KR. 265.420
~~402.900~~

NR. 104 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 329.420
~~482.900~~

NR. 113 PARADISO
VERÐ KR. 297.420
~~442.900~~

NR. 2021
VERÐ KR. 304.620
~~451.900~~

NR. 115
VERÐ KR. 369.420
~~532.900~~

NR. 118 PARADISO
VERÐ KR. 313.420
~~462.900~~

NR. 129-3 SHANXI BLACK
VERÐ KR. 385.420
~~552.900~~

ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ
FULLBÚIN STEIN MEÐ UPPSETNINGU
AKSTURSGJALD BÆTIST VIÐ UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

## ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




Graníthöllin
Legsteinar

MÖRKINNI 4,
108 REYKJAVÍK

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

BÍLA GALLERÍ



**TOPPTEINAK**

AUDI Q7 4x4 S Line. Árgerð 2011, ekinn 79 Þ.KM, Dísel, Umboðsbíll, sjálfskiptur. leður ofl ofl. Tilboðsverð 5.970 þ. Sjá Raðnr.110682 á bilagalleri.is



**EINN EIGANDI !**

HUMMER H3 4x4. Árgerð 2007, ekinn 148 Þ.KM, Sjálfskiptur. Leður, ofl. Toppeintak ! Verð 3.790þ. Sjá Raðnr.111169 á bilgalleri.is



**2 FELGUGANGAR**

NISSAN Qashqai TEKNA DÍSEL 4X4 GLERÞAK BAKKMYNDAVÉL OFL OFL. 5/2015, Ekinn 54 Þ.km, Sumar og vetrardekk allt á felgum ! Verð 3.990 Þ. 80% lán möguleiki afb.49þ Sjá raðnr 100800 á bilagalleri.is

**Bílagallerí bílasala**
**Hlíðasmári 13, 201 Kópavogur**
**Sími: 554 6700**
**www.bílagalleri.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www. bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



Topp bíll ,Kia Sorento,dísill 198 hs, með dráttarbeisli,Ekinn aðeins 48.500 km .Nýskráður 04.07,2014 Bíll á góðu verði kr.4.650.000 þús. Upplýsingar í síma 868 3539.



Honda CRV disel árg 2005 2,2 vél ekinn 165 þúsund nýleg dekk skoðaður dráttarkrókur eiðslugrannur topp bíll verð 1150 þús 8927852



Til sölu Nissan Almera árg. 2005 ekinn 113 þús. km. Tilboðsverð 300 þús. Uppl. s. 864 0101

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hópferðabílar




## Fjórhjól




## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**

Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700


SAFT
Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**




## Til sölu



**TOYOTA Rav4**
Árgerð 2012, ekinn 98 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, krókur.
Verð 2.990.000. Rnr.182880.
Toyota Kauptúni S. 570 5070 • www.toyotakauptuni.is

tv
2 ÁSKRIFTIN FYLGIR ÞÉR
Með sjónvarpsáskrift hjá 365 getur þú horft á uppáhaldssjónvarpsefnið þitt, hvar og hvenær sem er – því áskriftin fylgir þér
365
365ASKRIFT.IS

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 699 6069

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Almenn garðvinna, sláttur og úðun ofl. Halldór garðyrkjumaður. S: 698 1215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Litið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**Þakmálun**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Fáðu tilboð. Uppl. í s. 847 1628 & litaverk@gmail.com
Litaverk ehf

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

Spái í spil. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella. Geymið auglýsinguna

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Keypt & Selt

## Til sölu

STIGA



**Stiga Estate 7102 H**
Sjálfskiptur lúxus sláttutraktór
Kawazaki FS600V mótor
Notendavænt sæti og stýri
320 lítra graskassi
Frábær traktór í stærri svæði
VETRARSÓL Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Skólar & Námskeið

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn

VEIÐIPORTIÐ



Brjálað tilboð af flugulínum 2 fyrir einn af Vision ,scientific Anglers og aqua flugulínum. Veiðiportið Grandagarði 3 s.552-9940

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



viftur.is
-andaðu léttar

Hljóðlátar baðviftur


Rakatæki
Tilboð frá kr 17.990


Handþurrkari

Tilboð kr 19.990

Þakblásarar



Standvifta frá kr 9.990

íshúsið
viftur.is
-andaðu léttar

www.viftur.is ● 566 6000 ● ishusid@ishusid.is ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

**HÚS/ HÆÐ / RAÐHÚS Í 110 REYKJAVÍK**

**EÐA NÁGRENNI**

**(HELST ÁRTÚNSHOLT, ÁRBÆR, SELÁS) ÓSKAST**

Hjón með 3 börn óska eftir einbýli, raðhúsi, eða hæð í 110 RVK eða nágrenni. Aðeins langtímaleiga kemur til greina. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið.

Nánari upplýsingar sendist á:

sendtohelgi@gmail.com

**ÓSKA EFTIR 3-4 HERB. ÍBÚÐ/ HÆÐ**

Óska eftir 3ja-4ja herbergja íbúð/ hæð, helst í Kóp, Garðab eða Hafnaf., allt kemur til greina. Aðeins langtímaleiga. Reglusemi, skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er.

Uppl. í síma 863 4291

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

Óskum eftir smiðum til vinnu. Fjölbreytt störf í boði. Uppl. í s. 661 9083

## Atvinna

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í VINNU.

**HANDAFL EHF**

**STARFSMANNAÞJÓNUSTA**

**S. 777 2 333**

**Ertu að leita að talent?**

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

Umsækjendur, skráið ykkur á

**www.talentradning.is**



talent@talentradning.is

bryndis@talentradning.is

**Sími: 552-1600**

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF

## Tilkynningar

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Embætti skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla**

Auglýst er laust til umsóknar embætti skólameistara Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst 2017.**

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Embætti rektors Menntaskólans í Reykjavík**

Auglýst er laust til umsóknar embætti rektors Menntaskólans í Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á vef ráðuneytisins, menntamalaraduneyti.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst 2017.**




**Vinsælasta útvarpsappið**

9 útvarpsstöðvar • fréttir • hljóðbrot • upplýsingar um flytjendur og margt fleira

Download on the App Store | GET IT ON Google Play

FM957 BYLGJAN 989 X 97.7


UPPLIFÐU ÆVINTÝRI
Í ÚTILEGU
ÞÚ FÆRÐ GÆÐATJÖLD AF ÝMSUM STÆRÐUM
FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR Í ÚTILÍF SMÁRALIND
MSR Elixir 2
2 manna göngutjald. Einnig fáanlegt í 3 manna útgáfu.
Ytra tjald: 1500mm Polyester Polyurethane húðað.
Botn: 3000 mm Nylon Polyurethane húðað.
Þyngd: 2,66 kg.
49.990 kr.
High Peak Como 4
4 manna fjölskyldutjald. Einnig fáanlegt í 6 manna útgáfu.
Ytra tjald: 3000 mm Polyester límdir saumar.
Innra tjald: Polyester.
Þyngd: 7,6 kg.
34.990 kr.
High Peak Kira 3
3 manna kúlutjald með fortjaldi. Einnig fáanlegt í 4 manna útgáfu.
Ytra tjald: 3000 mm Polyester límdir saumar.
Innra tjald: Polyester.
Þyngd: 4,3 kg.
21.990 kr.
High Peak Ancona 5
5 manna fjölskyldutjald.
Ytra tjald: 3000 mm Polyester límdir saumar.
Innra tjald: Polyester.
Þyngd: 11 kg.
49.990 kr.
High Peak Sparrow 2
2 manna göngutjald.
Ytra tjald: 3000 mm Polyester límdir saumar.
Innra tjald: Polyester.
Þyngd: 2,8 kg.
21.990 kr.
TNF Stormbreak 2
2 manna göngutjald.
Ytra tjald: 3000 mm Polyester Pu húðað.
Innra tjald: Polyester.
Þyngd: 2,67 kg.
37.990 kr.
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þorgerður Magnea Oddsdóttir**

Borgarnesi,

lést á Borgarspítalanum miðvikudaginn 5. júlí.
Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Benjamín L. Fjeldsted** **Jóhanna Bára Hallgrímsdóttir**
**Oddur Á.L. Fjeldsted** **Gudrun Anna Fjeldsted**
**Gestur L. Fjeldsted**
**Guðmundur V. Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Svanbjörg Gísladóttir**

Smárahlíð 8a, Akureyri,

er látin. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Kristín Björk Ingólfsdóttir** **Þröstur Jóhannsson**
**Gísli Páll Ingólfsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Björn Haraldur Sveinsson**

húsgagnabólstrari,
Hafnarstræti 3, Akureyri,

lést 6. júlí. Útförin verður auglýst síðar.

**Sævar Már Björnsson** **Inga Randversdóttir**
**Sigurlaug Björnsdóttir** **Jóhannes Ævar Jónsson**
**Jónas Björnsson** **Ásta Garðarsdóttir**
**Sveinn Björnsson** **Leena Kaisa Viitanen**
**Birgitta Linda Björnsdóttir** **Kristján Heiðar Kristjánsson**
**afa- og langafabörn.**



✝

Okkar ástkæri frændi,

**Ólafur Guðmundsson**

Árbæ,
Ísafirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Eyri fimmtudaginn 6. júlí.
Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju miðvikudaginn 12. júlí kl. 11.00.

**Auður Valdimarsdóttir og fjölskylda.**





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


# Sló góðgerðarhögg – aftur

Örn Sveinsson frá Sagafilm sigraði í góðgerðarhöggskeppni á árlegu golfmóti Securitas annað árið í röð. Barnaspítali Hringsins fékk verðlaunin hans bæði árin.



**Sigurbjörg Guttormsdóttir, leikskólakennari á barnaspítalanum, Hjörtur Freyr Vigfússon, markaðsstjóri Securitas, Örn Sveinsson og Jóhanna Guðbjörnsdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra kvenna- og barnasviðs Landspítalans.**

Auðvitað eru mörg frábær góðgerðarsamtök á Íslandi en ég hef fylgst með því gegnum árin sem Hringskonur hafa gert fyrir barnaspítalann og hann er bara rótgrónastur í hjartanu. Þess vegna ákvað ég að styrkja hann," segir Örn Sveinsson tæknimaður hjá Sagafilm sem vann góðgerðarhöggskeppni á golfmóti Securitas nýlega og lét verðlaunaféð, 80.000 krónur, renna til Barnaspítalans. Sem væri kannski ekki í frásögur færandi nema af því að hann vann líka í fyrra og hafði sama hátt á.

„Golfmót Securitas er fyrirtækjamót, þar sem einum fulltrúa frá stærstu viðskiptavinunum er boðið á golfmót á Suðvesturhorninu. Það var í Hveragerði í fyrra og Borgarnesi núna. Í ár voru þátttakendur 68. Svo er þetta þannig að forstjóri Securitas er á einum teignum og slær sinn bolta inn á grínið. Fyrirtækið heitir 10 þúsund krónum hverjum þeim sem er nær holunni en hann og þeir fara í pott sem síðan er dregið úr. Í fyrra voru sjö nær holunni og ég einn af þeim. Í ár vorum við átta og ég var aftur dreginn út."

Sem sagt ekkert endilega næstur holunni? „Nei, ekki endilega. Þetta snýst bara um að vera fyrir innan forstjórann. Þegar allir eru búnir að spila er matur og verðlaunaafhending og ég varð að ákveða þar í hvaða góðgerðarmál ég ætlaði að setja peninginn."

